

Fundargerð

Aðalfundur Búmannna hsf. var haldinn fimmtudaginn 19. maí 2016 á Grand Hótel, Gullteigi. Fyrir fundinum lá áður gerð og birt dagskrá.

1. **Fundarsetning: Gunnar Kristinsson, formaður stjórnar Búmannna.**
2. **Skipan fundarstjóra og fundarritara.**
3. **Fulltrúi Íbúðalánasjóðs og fulltrúi KPMG fjalla um fjárhagslega endurskipulagningu Búmannna.**
Kristinn Bjarnason hrl. lögmaður Búmannna fjallar um ný lög um húsnæðissamvinnufélög nr. 29/2016.
4. **Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.**
5. **Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til afgreiðslu.**
6. **Ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.**
7. **Ákvörðun um inntökugjald, árgjald og staðfestingargjald.**
8. **Tillögur að breyttum samþykktum félagsins.**
9. **Stjórnarkjör.**
 - Kosning formanna
 - Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára
 - Kosning þriggja varamanna í stjórn
 - Kosning löggilts endurskoðanda til tveggja ára.
 - Kosning skoðunarmanns og varamanns hans til tveggja ára.
10. **Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og skoðunarmanna.**
11. **Önnur mál.**

Fundargestir voru um 130.

Gunnar Kristinsson formaður setti fundinn og skipaði fundarstjóra, Pétur Örn Sverrisson hrl., og fundarritara, Halldóru Erlendsdóttur.

- Pétur Örn tók við fundarstjórn. Kölluð voru upp nöfn allra kjörinna fulltrúa og merkt við þá sem voru mættir. Fundarstjóri lýsti því yfir að til fundarins hefði verið löglega boðað og að fundurinn væri lögmaður.
- Úlfar Þór Indriðason frá Íbúðalánasjóði, framkvæmdastjóri Útlánasviðs, tók til máls. Hann rakti það helsta í forsögu félagsins, t.d. greiningu á félaginu, aðferðafræðina, nauðasamningana, lykimbreytingar við fjárhagslega endurskipulagningu og að síðustu frágang og eftirfylgni.
- Mikael Arnarson frá KPMG tók til máls. Hann fór yfir fjármálin og endurskipulagningu Búmannna.
- Kristinn Bjarnason, hrl og lögmaður Búmannna, fór yfir ný lög og markmið húsnæðissamvinnufélaga. Löggin tóku gildi 3. maí 2016.
- Gunnar Kristinsson, formaður Búmannna, las upp skýrslu stjórnar sem fjallaði m.a. um gjaldprot félagsins, nauðasamningana, leigufélagið, nýja stjórn félagsins, nýtt starfsfólk á skrifstofuna o.fl.

Að loknu kaffihléi:

- Kristinn Sigtryggsson endurskoðandi las upp ársreikninga 2015.
- Ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.
- Skýrslurnar voru samþykktar með lófaklappi.
- Næst á dagskrá var ákvörðun um inntökugjald, árgjöld og staðfestingargjald. Tillaga var borin fram og var hún samþykkt.
- Næst var tekin fyrir tillaga að nefnd sem fjalla skyldi um breyttar samþykktir félagsins. Tillagan var samþykkt. Í nefndinni eiga sæti Haraldur Finnsson, Reynir Ingibjartsson, Sigmar Jónsson, Þórður Sveinbjörnsson, Halla Guðjónsdóttir og Sigurmar Ólafsson. Haraldur Finnsson mun leiða nefndina. Kristinn Bjarnason, lögmaður Búmannna, mun starfa með þessari nefnd.
- Nefndin þarf að ljúka störfum fyrir haustið 2016.
- Gengið var til kosninga og voru stjórnarmenn kosnir með lófaklappi.
- Formaður, Gunnar Kristinsson; meðstjórnendur, Áskell Jónsson og Ásgeir Hjálmarsson. Varamenn, Halldóra Erlendsdóttir, Laufey Egilsdóttir og Þórður Sveinbjörnsson.
- Löggiltur endurskoðandi til tveggja ára, Endurskoðendapjónustan.
- Skoðunarmenn til tveggja ára, Ari Karlsson og Ármann Pétursson, kjörinn í fyrra til tveggja ára; varaskoðunarmaður, Emil G. Guðmundsson verður áfram.
- Samþykkt var að þóknun til stjórnarmanna og skoðunarmanna verði áfram óbreytt.
- Önnur mál:

Akranesdeildin lagði til að lesin yrði upp áskorun til aðalstjórnar Búmannna að hlutast til um það við íbúðalánasjóð að lækka vaxtabyrðina á jaðarsvæðum.

Margir stigu í pontu og lýstu yfir óánægju með hin háu mánaðargjöld. Kvíði ríkir hjá mörgum sem hafa lítið annað en ellilífeyrinn. Erfiðleikar eru að sliga fólkid og þá sérstaklega á jaðarsvæðum. Vextirnir gera ekkert annað en að hækka. Mikill ótti er samfara því að geta ekki selt íbúðirnar þegar neyðin drepur á dyr. Ekki var þetta samt eintómur barlómur. Sem betur fer trúa margir því að hagur félagsins batni og félagid eigi framtíð fyrir sér.

Fundartími: Kl. 16:00-19:00.

Gert í Kópavogi 19. maí 2016.

Halldóra Erlendsdóttir,
fundarritari